

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Efni: Frumvarp til laga um rafræna birtingu á álagningu skatta og gjalda (211. mál)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita frumvarpi um rafræna birtingu á álagningu skatta og gjalda umsögn. Með frumvarpinu er lagt til að rafræn birting verði meginreglan þegar kemur að birtingu tilkynninga um álagningu skatta og gjalda. Með frumvarpinu er stigið skref í rétta átt til stafrænnar stjórnýslu. Það er fagnaðarefni en Viðskiptaráð telur þó að fara megi aðra og betri leið í stafvæðingu (e. Digitalisation) íslenskrar stjórnýslu, auk þess sem ganga þurfi lengra en gert er með frumvarpinu.

Rafræn samskipti meginreglan – pappír undantekningin

Viðskiptaráð hvetur til þess að skilvirkari og heildstæðari nálgun verði beitt við innleiðingu. Núverandi aðferðarfræði er að mati ráðsins aðfinnsluverð, sé ætlunin að opna fyrir heimild til stafrænnar þjónustu í hverjum lagabálki fyrir sig. Slík nálgun er að mati ráðsins seinvirk, óskilvirk og ýtir undir þann skilning að pappír sé meginreglan en stafræn samskipti séu undantekningin.

Í 35. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 er stjórnvöldum í sjálfvald sett hvort þau bjóði upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð mála. Viðskiptaráð leggur til að þessari grein verði breytt og stjórnvöldum verði skylt að bjóða ávallt upp á stafræna miðlun upplýsinga og þjónustu þegar þess er kostur í stað þess að slíkt sé valkvætt. Þannig yrði óþarfi að innleiða slíkan möguleika inn í fjölda lagabálka sem eiga við hin ýmsu svið stjórnýslunnar, heldur myndi skyldan að bjóða upp á rafræna miðlun eiga við á öllum sviðum.

Eftir hverju erum við að bíða?

Í alþjóðlegum samanburði á innleiðingu tækni í opinberri þjónustu kemur Ísland illa út og stendur sig lakast af öllum Norðurlöndunum. Á mælikvarða Global Innovation Index fyrir stafvæðingu þjónustu hins opinbera er Ísland í 60. sæti af 126 á milli Perú og Bangladess.¹ Lakur árangur hins opinbera í þessum efnum stingur í stúf við stöðu Íslands þegar kemur að almennri innleiðingu og notkun á tækni í samfélaginu en þar stendur land og þjóð nokkuð vel að vígi í 5. sæti meðal 125 ríkja. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að markmið þeirra sé að árið 2020 verði stafræn samskipti meginsamskiptaleið borgarans við hið opinbera. Viðskiptaráð fagnar þessum fyrirætlunum og því skrefi sem er tekið í átt til þessa

¹ Viðskiptaráð Íslands hefur áður bent á þetta í umsögn um rafrænar þinglýsingar:
<https://vi.is/malefnastarf/umsagnir/rafraemar-thinglysingar-seinlegt-kerfi-i-nutimalegt-horf/>

markmiðs með frumvarpinu, en telur að til þess að ná markmiðinu þurfi að nálgast viðfangsefnið með heildstæðari hætti.

Mynd 1

Stafvæðing þjónustu hins opinbera á Norðurlöndunum Sæti, Global Innovation Sub-Index



Viðskiptaráð telur að ekki sé eftir neinu að bíða. Meginreglan ætti að vera sú að alla þjónustu hins opinbera ætti að bjóða stafrænt nema sérstaklega sé kveðið á um annað og það rökstutt sérstaklega. Breyting á 35. gr. stjórnslulaga í þá veru sem við leggjum til myndi stuðla að því. Þá ættu frumvörp er varða stafvæðingu samskipta borgara við stjórnvöld að vera þannig úr garði gerð að þau fella úr gildi ákvæði sem skilgreina þjónustu sérstaklega á pappírformi eða með öðrum hætti en stafrænum, frekar en að heimila stafræn samskipti. Þannig yrði meginreglan stafræn samskipti en samskipti á pappír undantekningin.

Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt en kallar jafnframt eftir að farið verði í heildstæða vinnu við stafvæðingu íslenskrar stjórnslu með þeim hætti sem ráðið leggur til. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands